

Nú erum við búnir að fara töluvert yfir svæðið og höfum aflað okkur upplýsinga og þekkingu á svæðinu.

### 1. Tungnaár vatnið neðan við gamla kláf.

Þarna er aðeins bleikja í tæra vatninu og væri nýtanleg til stangaveiða í litlu mæli.

### 2. Skúmstungnaárnar.

Sú fremri er mjög vatnslítill og heldur eignlega ekki fiski nema í ósnum og því illnýtanleg nema rétt í ósnum sjálfum. Innri áin er aðeins vatnsmeiri. Hún er hinsvegar mjög vatnslítill þetta árið eins og flestar ár á landinu. Það gengur bleikja í ána í hyl rétt ofan við brú þegar vatn er í henni. En á meðan hún er vatnslítill eins og nú allt sumarið er engin bleikja í ánni sjálfri. Það er hinsvegar bleikja í ósnum sjálfum.

### 3. Dalsá.

Áin er vænlegasta veiðiáin á svæðinu en fiskmagn virðist ekki mikið. Þarna er fallegur urriði en ég tel þennan stofn afar viðkvæman þannig að það þarf að fara varlega að honum. Það er klárt mál að þarna er stunduð einhver veiði því ég sá fótspor víða við ána. Þarna gætum við nýtt veiðina í einhverjum mæli. Ég myndi vilja eingöngu að þarna yrði veitt á flugu og öllum fiski sleppt til að vernda stofninn. Þarna er örugglega hægt að auka fisk magn með skynsamri ræktun. Það yrði að notast við sama stofn og nú er þegar á svæðinu.

### 4. Miklilækur.

Lækurinn er gríðalega fallegur og væri fullkomin fluguveiðiá ef þar fiskur væri. Ég tel lækinn fisklausan nema fyrir neða foss þar sem hún fellur í Þjórsá. Við fundum töluvert af urriða í skilunum og neðan við fossinn sem fellur úr henni í Þjórsá.

Ég hef áhuga á að ræða við ykkur um samstarf á þessu veiðisvæði. Þá myndum við leigja af ykkur veiðisvæðið í heild sinni og hefja fiskirækt í Miklilæk og Dalsá.

Einfaldasta leiðin til ræktunar er að fanga urriða neðar í kerfinu í gildirur eða net og færa uppeftir í Miklilæk. Best væri að ná nokkrum pörum núna strax í haust áður en hrygning á sér stað og vita hvort að nátturuleg hrygning gæti átt sér stað í ánni. Ég tel vera mjög góð hrygningarsvæði í ánni þar sem er mikið af góðri rið möl í henni.

Hvað varðar fiskrækt í Dalsá þá væri senninlega hrognagröftur besta leiðin til að koma í veg fyrir einhverskonar sjúkdóma flutninga ef þeir eru fyrir hendi. Annars er nánast allur urriði á svæðinu með nýrnaveiki. Við þyrftum að láta ransaka fisk úr ánni næsta sumar.

Ef verkefnið tekst gæti Dalsá og Miklilækur orðið stórskemmtilegt veiðisvæði á komandi árum.

Ég sá A hús rétt við Miklilæk. Er það í eigu sveitarfélagsins? Þetta hús gæti nýst fyrir veiðimenn á svæðinu í framtíðinni ef það er ekki mikil notkun á því yfir há sumarið.

Ef þið hafið áhuga á samstarfi þá vill ég endilega heyra frá ykkur sem allra fyrst með þetta.

Kv,

Kristján

On Wed, Aug 14, 2019 at 10:52 PM Fish Partner <[info@fishpartner.com](mailto:info@fishpartner.com)> wrote:

Takk fyrir þetta.

Við munum kanna svæðið og spjalla síða þegar tímabilinu líkur.

Kv,

Kristján

On Wed, Aug 14, 2019 at 8:13 AM Egill Sigurðsson <[eeas@simnet.is](mailto:eeas@simnet.is)> wrote:

Sæll Kristján.

Við erum tilbúin að leyfa þér til raunaveiði á veiðisvæði Veiðifélags efri Þjórsár. Þú veist væntanlega hvar mörkin eru í Þjórsár.

Kristófer sveitarstjóri í Skeiða og Gnúpverjahreppi veit hvar þau eru einnig er honum kunnugt um þessa tilraunaveiði. Geri ráð fyrir að tilraunaveiðin standi yfir til loka ágústmánaðar frá deginum í dag . Við förum svo yfir stöðuna í framhaldi.

Kv. Egill Sigurðsson

**From:** Fish Partner [mailto:[info@fishpartner.com](mailto:info@fishpartner.com)]

**Sent:** 13. ágúst 2019 20:48

**To:** [eeas@simnet.is](mailto:eeas@simnet.is)

**Subject:** Tilraunaveiði á veiðisvæði efri Þjórsár

Sæll Egill,

Í framhaldi af símtali okkar kem ég þessum hugmyndum hér á blað.

Okkur langar til að skoða þann möguleika á að gera efra þjórsársvæðið að stangveiðisvæði. Þá er ég að tala um Sultartangalón og tærar ár sem í það renna og í efri hluta þjórsár.

Til að við getum metið aðstæður þurfum við að fara um svæðið og veiða það í tilraunaskyni það sem eftir er af þessu sumri.

Ég mun svo senda á ykkur skýrslu af því sem við uppgvötuðum eftir tímabilið.

Ef þessar tilraunaveiðar eru samþykktar af ykkar hálfu þá vinsamlegast sendið póst til baka með samþykki.

Kær kveðja,

Kristján